

Gestur Jónsson  
kt. 271050-7719  
Silungakvísl 12  
110 Reykjavík

Ragnar Halldór Hall  
kt. 081248-2069  
Suðurhlíð 38C  
105 Reykjavík

## UMSÖGN

um

frumvarp til laga  
um breytingu á lögum  
um meðferð sakamála nr. 88/2008

153. löggjafarþing  
Þingskjal 488 – 428. mál

Nefndasvið Alþingis  
b. t. allsherjar- og menntamálanefndar  
Sent á netfangið [nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

24. nóvember 2022

**Umsögn**  
**um frumvarp til laga um breytingu á lögum**  
**um meðferð sakamála nr. 88/2008**

Undirritaðir lögmennt, Gestur Jónsson og Ragnar Halldór Hall, senda hér með umsögn um ofangreint frumvarp að eigin frumkvæði.

**I**

Með lögum nr. 47/2020 var Endurupptökudómi komið á fót. Fram að þeim tíma hafði endurupptökunefnd það verkefni að úrskurða um hvort mál skyldu endurupptekin fyrir dómi eða ekki. Þar sem nefndin var hluti af framkvæmdavaldinu taldi Hæstiréttur sig ekki bundinn af niðurstöðum hennar í einstökum málum og hafði vísað frá réttinum málum sem nefndin hafði úrskurðað að skyldu endurupptekin.

Stofnun Endurupptökudóms taldist óhjákvæmileg til þess að íslenska ríkið teldist uppfylla skyldur sínar samkvæmt Mannréttindasáttmála Evrópu, en efni sáttmálans varð að íslenskum lögum nr. 62/1994. Í þeim lögum er m. a. svofellt ákvæði:

*13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns.*

**Sérhver sá sem á er brotinn sá réttur eða það frelsi hans skert, sem lýst er í samningi þessum, skal eiga raunhæfa leið til að ná rétti sínum fyrir opinberu stjórnvaldi, og gildir einu þótt brotið hafi framið opinberir embættismenn.**

Þegar Mannréttindadómstóll Evrópu hefur í tilteknu máli komist að niðurstöðu um að brotið hafi verið gegn réttindum sem mönnum eru tryggð í mannréttindasáttmálanum á sá sem heldur á slíkum dómi þá raunhæfu leið til að ná rétti sínum að fá mál sitt endurupptekið. Þetta er eina leiðin til að fá mistökin leiðrétt.

**II**

Nú hefur það gerst að Hæstiréttur hefur vísað frá réttinum tveimur dómsmálum sem endurupptekin voru fyrir réttinum á grundvelli úrskurða Endurupptökudóms. Í báðum tilvikum hafði endurupptakan átt sér stað með þeim hætti að viðkomandi einstaklingar óskuðu þess að málin yrðu endurupptekin í Hæstarétti. Ákærvaldið hafði ekki andmælt beiðninni, enda hafði Mannréttindadómstóll Evrópu komist að niðurstöðu um að brotið hefði verið gegn

málsmeðferðarreglum mannréttindasáttmálans þegar þessir einstaklingar voru sakfelldir í Hæstarétti á sínum tíma.

Í dómum Hæstaréttar í málunum nr. 7 og nr. 8/2022 er frávísun frá Hæstarétti rökstudd með þeim hætti að Endurupptökudómur hefði átt af sjálfsdáðum að vísa málunum til meðferðar í Landsrétti en ekki í Hæstarétti. Þar sem Hæstiréttur hafi ekki lengur heimild að lögum til að taka munnlegar skýrslur af sakborningum eða vitnum geti málsmeðferð fyrir réttinum ekki þjónað tilgangi. Hugsunin að baki þessum ummælum er sú sama og býr að baki efnis þess lagafrumvarps sem hér er til skoðunar.

### III

Við teljum öldungis fráleitt að málsmeðferð endurupptekins máls þjóni ekki tilgangi ef „aðeins“ á að vera hægt að sýkna mann af ákæru. Ef sá sem biður um endurupptöku máls telur enga þörf á því að munnlegar skýrslur verði teknar af sér eða vitnum við málsmeðferðina, hvers vegna á þá dómstóllinn að hafa sjálfstæða skoðun á nauðsyn slíkrar skýrslugjafar? Hér verða menn að hafa hugfast að niðurstaða mannréttindadómstólsins var sú að brotið sem er grundvöllur endurupptökubeiðninnar átti sér stað eftir að allri sönnunarfærslu var lokið í málinu.

Við teljum augljóst að rökstuðningurinn – málsmeðferð fyrir réttinum þjónar ekki tilgangi – sé til orðinn vegna þess að dómarrar Hæstaréttar gátu ekki fundið sig í því að sýkna þá menn sem rétturinn hafði sakfelld mörögum árum áður. Það er beinlínis afkárlegt að æðsti dómstóll þjóðarinnar skuli ekki geta fundið sig í því að leiðréttu augljós mistök við samningu dóms. Sakborningarnir sem í hlut eiga geta illa skilið að það þjóni ekki tilgangi að þeir verði sýknaðir þegar svona stendur á.

Í greinargerðinni með frumvarpinu er látið að því liggja að fyrirhuguð lagabreyting sé til hagsbóta fyrir sakborninga sem leita eftir endurupptöku máls. Hér verður sú skoðun lätin í ljós að þessu sé beinlínis öfugt farið. Ef frumvarpið verður að lögum getur það leitt til þess að ákærvaldið komist í þá stöðu að hefja endurtekna sönnunarfærslu í viðkomandi máli gagngert til að búa svo um hnúta að Hæstiréttur geti endurtekið sakfellinguna. Sá hefur aldrei verið tilgangur þeirra sem leita eftir endurupptöku máls.

Ef þeir sem halda á dómi mannréttindadómstólsins eiga að sæta því að þurfa að fara gegnum endurtekna sönnunarfærslu fyrir dómi í enduruppteknu sakamáli blasir við að þeir eigi erindi við Mannréttindadómstólinn að nýju ef þeir verða síðan sakfelldir aftur. Slík málsmeðferð væri að okkar áliti andstæð ákvæðum mannréttindasáttmálans um sanngjarna málsmeðferð.

### IV

Við leyfum okkur að benda háttvirtum þingmönnum á nauðsyn þess að skoða aðdragandann að framlagningu þessa lagafrumvarps. Samkvæmt okkar

heimildum voru atvik með þeim hætti að í kjölfar uppkvaðningar úrskurðar Endurupptökudóms í máli nr. 15/2022 hafði einn af dómurum Hæstaréttar samband við stjórnendur í dómsmálaráðuneytinu og óskaði eftir fundi með hraði til að fara yfir nauðsyn lagasetningar til að bregðast við einhvers konar „togstreitu“ sem skapast hafi milli Hæstaréttar og Endurupptökudóms. Sá fundur var haldinn innan sólarhrings og á honum varð frumvarpið til. Í athugasemdum með frumvarpinu segir m. a. að nauðsynlegt hafi verið að bregðast við „fyrirgreindri stöðu“ og því hafi ekki unnist tími til almenns samráðs við gerð frumvarpsins, „en þó var leitað álits réttarfarsnefndar á frumvarpinu“. Hér skal í fullri vinsemd bent á að hæstaréttardómarinn sem hafði alla forgöngu um samningu frumvarpsins og á væntanlega hlut að máli sem höfundur meginefnis frumvarpsins er sjálf formaður réttarfarsnefndar.

Vegna þrískiptingar ríkisvaldsins orkar það mjög tvímælis að dómarrar Hæstaréttar skuli telja viðeigandi að þeir segi stjórnvöldum og löggjafarsamkomunni fyrir verkum á þann hátt sem birtist í þessu lagafrumvarpi. Í íslenska réttarríkinu er hlutverk dómstóla að túlka lög en Alþingis að setja lög.

Telji nefndarmenn í allsherjar- og menntamálanefnd þrátt fyrir allt að ástæða sé til að setja sérstakt lagaákvæði í þá átt sem ráðgert er í frumvarpinu leyfum við okkur að setja fram hugmynd um viðauka við texta 1. gr. frumvarpsins, sem yrði þá svohljóðandi:

Ef Endurupptökudómur telur að mál sem dæmt hefur verið í Hæstaétti fyrir 1. janúar 2018 uppfylli skilyrði til endurupptöku skv. 232. gr. er dómnum heimilt að vísa málinu til meðferðar og dómsuppsögu í Landsrétti *ef þess er óskað af hálfu endurupptökubeiðanda.*


## V

Sérstök ástæða er til þess að vara við því að þetta mál fái einhvers konar flýtimeðferð hjá Alþingi. Málið varðar grundvallarmannréttindi og þarfnast gaumgæfilegrar athugunar nefndarinnar m.a. með því að leitað verði álits sérfræðinga í stjórnskipunar- og refsirétti, könnuð framkvæmd endurupptöku á öðrum Norðurlöndum og skýringar Mannréttindadómstólans á 46.gr. sáttmálans.

Við óskum eftir að fá að koma á fund nefndarinnar til að skýra frekar sjónarmið okkar um málið.

Virðingarfyllt

fyrir mína hönd og Gests Jónssonar



---

Ragnar Halldór Hall